



NORÐURBREKKAN - NEÐRI HLUTI AKUREYRI

HÚSAKÖNNUN - 2015

Skipulagsdeild Akureyrar



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

5. útgáfa, maí 2018.

Afritun einstakra hluta úr bók þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða bókarinnar í heild með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar.

© Akureyrarbær 2015

© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2015

Forsíðumynd: Árni Ólafsson, september 2007.

Þess er vænst að þeir sem hafa upplýsingar, fróðleik eða gögn, sem að gagni gætu komið og bætt og leiðrétt húsakönnun þessa komi þeim til höfunda eða til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar og verður húsaskráin uppfærð og/eða leiðrétt eftir því sem efni standa til. Nýjar og endurbættar útgáfur verða settar á vef Akureyrarbæjar og Minjastofnunar.

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	3
1.1	Athugunarsvæði	3
1.2	Aðferð	4
2	Greining	6
2.1	Staðhættir	6
2.2	Byggðapróun	7
2.3	Húsagerðir og byggingarstílar	8
2.4	Byggðamynstur.....	10
2.5	Samstæður húsa og heildir	13
2.6	Upprunaleiki.....	14
2.7	Ástand bygginga	16
2.8	Húsavernd	16
2.9	Hönnuðir	17
3	Niðurstaða	23
3.1	Varðveislugildi	23
3.2	Tillaga um verndarákvæði	23
4	Húsaskrá	25
4.1	Bjarkarstígur	26
4.2	Brekkugata	34
4.3	Hamarstígur	57
4.4	Helgamagrastræti	66
4.5	Hlíðargata	112
4.6	Holtagata	123
4.7	Klapparstígur.....	137
4.8	Krabbastígur.....	142
4.9	Lögbergsgata	146
4.10	Munkaþverárstræti	152
4.11	Oddeyrargata	194
4.12	Sniðgata.....	214
4.13	Pingvallastræti.....	218
4.14	Pórunnarstræti.....	228
5	Frágangur og útfærslur	245
5.1	Girðingar.....	245
5.2	Frágangur útveggja	250
5.3	Gróður.....	252
6	Heimildir	255
7	Varðveislumat - uppdráttur	256
8	Leiðréttingar og uppfærslur	257

1 INNGANGUR

Húsakönnun fyrir neðri hluta Norður-Brekkunnar Akureyrar er unnin að beiðni Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar samhliða vinnu við deiliskipulag svæðisins. Mörk könnunarsvæðisins eru þau sömu og mörk deiliskipulagsins.

Húsakönnun skal vinna samhliða vinnu við deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skv. 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar segir m.a.: „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar...“

Húsakönnun þessi er unnin í tveim áföngum. Landslag ehf., þeir Ómar Ívarsson og Ingvar Ívarsson, sá um meginþorra gagnasöfnunar og uppsetningar. Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., Árni Ólafsson og Lilja Filippusdóttir, sá um samantekt, greiningu, nánari gagnaöflun og lokafrágang.

Ljósmyndir eru teknar af Teiknistofu Arkitekta (ÁÓ) nema annars sé getið.

1.1 ATHUGUNARSVÆÐI

Svæðið sem húsakönnunin nær til afmarkast af Þórunnarstræti, Glerárgötu, Klapparstíg, Brekkugötu, Krákustíg, Oddeyrargötu og Þingvallastræti. Flatarmál svæðisins er um 19,1 hektarar.



1. mynd. Afmörkun athugunarsvæðis á neðri hluta Norður-Brekku.



2. mynd. Norðurbrekkkan séð úr lofti í september 2007 (ÁÓ). Athugunarsvæðið er dregið fram.

1.2 AÐFERÐ

Tilgangur með húsakönnun er að kortleggja, skrá og meta varðveislugildi bygginga og bæjar- umhverfis. Skráning og mat er forsenda ákvarðana um varðveisluákvæði eða friðun einstakra bygginga eða húsaþyrpinga.

Húsakönnun byggist fyrst og fremst á arkitektónísku mati á gerð, stíl, ástandi og stöðu húsa og bæjarmyndar. Ákveðnar forsendur eru teknar saman og skráðar s.s. um byggingarár, byggingarefni, byggingarstíl, hönnuð, breytingar o.fl. Ekki er lagt í söguskráningu eða eigendasögu húsa. Lagt er mat á ástand bygginga með lauslegri skoðun utan frá. Ekki er lagt mat á ástand innanhúss eða breytingar á innra skipulagi. Matið á því eingöngu við ytri þætti, gerð og ástand húsa ásamt stöðu þeirra í umhverfinu og samhengi við aðra byggð. Ekki er aflað gagna um bakhús og skúra og eru slíkar byggingar undanskildar í flestum tilvikum.

MATSPÆTTIR:

- Byggingarlistrænt gildi
- Menningarsögulegt gildi
- Umhverfislegt gildi
- Upprunaleiki
- Ástand
- Varðveislugildi - niðurstaða

Matið eða niðurstaðan tekur mið af heildarmynd þessara þátta, þ.e. gæðum og gerð byggingarinnar, ástandi hennar og stöðu í umhverfinu. Byggingarlistrænt gildi og menningarsögulegt gildi (þar sem það á við) veiga þyngst.

Varðveislugildið tekur síðan mið af byggingarlist og sögu hússins:

- Er byggingin gott dæmi um byggingarlist síns tíma eða sérstakan byggingarstíl?
- Er húsgerð eða húsform sérstakt eða sjaldgæft?
- Er byggingin fyrirmynd annarra bygginga?
- Er byggingin óskemmd (upphafleg gerð)?
- Eru endurbætur og viðbyggingar í samræmi við upphaflega gerð og stíl?
- Skiptir byggingin máli fyrir götumynd, bæjarmynd eða umhverfið almennt?

Síðari breytingar, endurnýjun og viðbyggingar, geta breytt yfirbragði og stíl bygginga og haft áhrif á varðveislugildi þeirra. Oft er unnt að endurheimta og jafnvel bæta eiginleika bygginga m.t.t. byggingarlistar og stíls við endurbyggingu og endurbætur.

Mat og varðveislugildi bygginga segir ekkert til um hugsanlegt notagildi eða verðgildi þeirra.

Húsakönnunin nær ekki til skúra og bakhúsa. Ekki eru teknar saman upplýsingar um slíkar byggingar, hvorki byggingarár, byggingarefni né ástand.

Byggingarár húsa eru í könnun þessari tilgreind samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins (FMR) og skulu ártöl tekin með fyrirvara, þar sem reynslan hefur sýnt að oft ber skráningum um byggingarár ekki saman.

Öll húsin á athugunarsvæðinu hafa ákveðið gildi fyrir götumynd, göturými og umhverfi sitt og gegna hlutverki í því tilliti. Almennt gildi húsanna verður ekki tíundað í umsögn eða mati hvers húss heldur einungis ef viðkomandi hús hefur sérstakt gildi.

2 GREINING

2.1 STADHÆTTIR

Neðri mörk athugunarsvæðis húsakönnunar þessarar eru við Oddeyrargötu og Brekkugötu. Upp af þeim er nokkuð brött brekka upp að Helgamagrastræti en þar og ofan götunnar er land með talsvert minni halla. Sagt er að kýr smábænda á Oddeyri hafi markað götustæði Oddeyrargötu þegar þær voru reknar á beit á túnunum þar sem nú er Helgamagrastræti og Þórunnarstræti. Brekkugata var áður þjóðvegurinn inn í bæinn úr norðri.


Efri mörk athugunarsvæðisins eru við Þórunnarstræti sem fyrst var troðningur en síðar akbraut, moldarvegur, ofan byggðar. Þórunnarstræti er nú tengibraut í gatnakerfi bæjarins en jafnframt húsagata með beinni aðkomu að íbúðarlóðum.

Amtsbókasafnið, sem er við gatnamót Oddeyrargötu og Brekkugötu, er hluti af bæjarmynd hverfisins. Safnið er utan athugunarsvæðisins þar sem það er innan marka deiliskipulags miðbæjarins og hluti af annarri húsakönnun.

Tvö gróin klapparholt eru um miðbik athugunarsvæðisins og eru þar opin svæði að húsabaki. Nyrst eru síðan Hamarkotsklappir og Myllunef, sem marka norðurmörk hverfisins. Þar er stytta af þeim hjónum Helga magra Eyvindarsyni landnámsmanni og Þórunni hyrnu Ketilsdóttur flatnefs en Þórunnarstræti og Helgamagrastræti bera nöfn þeirra. Leikskólinn í hverfinu er hins vegar nefndur eftir dóttur þeirra hjóna, Þorbjörgu hólmasól.



3. mynd. Gatnaheiti.



4. mynd. Landslag og örnefni

2.2 BYGGÐAÞRÓUN

Norður-Brekkann eins og hún er afmörkuð í könnun þessari byrjaði að byggjast 1906 og 1907 við Brekkugötu (horfin hús) og 1916 við Oddeyrargötu (nr. 4 og 6). Meginhluti hverfisins byggðist síðan á 35 árum eða fram yfir 1950.

Fyrstu hugmyndir að skipulagi svæðisins komu fram á skipulagsupprætti Aðalsteins Halldórssonar frá aldamótaárinu 1900. Þar er afmarkað hefðbundið rúðustrikað gatnakerfi á Brekkunni með Þingvallastræti og Þórunnarstræti, Lögbergsgötu og Oddeyrargötu. Ekkert var framkvæmt uppi á brekkunni samkvæmt upprætti þessum.



5. mynd. Skipulagsuppráttur, Akureyri 1900. Aðalsteinn Halldórsson. Héraðsskjalasafnið á Akureyri.


Fyrstu skipulagslögin voru sett hér á landi árið 1921. Samkvæmt þeim voru allir þéttbýlisstaðir með yfir 500 íbúum skipulagsskyldir. Ári síðar leitaði bæjarstjórn Akureyrar til skipulagsnefndar ríkisins um gerð heildarskipulags fyrir bæinn og strax þá um sumarið var hafist handa við landmælingar. Fyrsta aðalskipulag bæjarins var samþykkt árið 1927. Með gerð aðalskipulags Akureyrar 1926-7 (ASAK27) unnu þeir Guðmundur Hannesson prófessor og Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins, sem voru í skipulagsstjórn ásamt Geir Zoëga, ákveðna stefnumótun um uppbyggingu Akureyrar, sem markaði meginrætti í uppbyggingu bæjarins næstu áratugi. Á þessum árum vann Skipulagsstjórn ríkisins aðalskipulag margra þéttbýlisstaða og höfðu þeir félagar Guðmundur og Guðjón hliðsjón af hefðbundnu evrópsku bæjarskipulagi með randbyggðum¹ byggðareitum², ákveðnum göturýmum, bæjarvöllum (gördum) og torgum.³

Í aðalskipulaginu 1927 voru lögð drög að skipulagi Norður-Brekkunnar. Gatnakerfið innan athugunarsvæðisins er að mestu leyti samkvæmt skipulaginu. Á þessum tíma lá þjóðvegurinn inn í bæinn yfir Glerá á Bandagerðisbrú og niður Brekkugötu að Ráðhústorgi. Þegar aðalskipulag var næst unnið fyrir Akureyri 1972 var hverfið fullbyggt.

¹ Randbyggð: Samfelldar húsaraðir meðfram götu sem gjarnan mynda lokaða inngarða.

² Byggðareitur: Reitur afmarkaður af götum í gatnaneti.

³ Húsakönnun Drottningarbrautarreits.



6. mynd. Úr aðalskipulagi Akureyrar frá 1927.



7. mynd. Byggingarár, skipt í 10 ára tímabil.

Svæðið er nú fullbyggt íbúðarhverfi en nýjustu byggingarnar eru fjölbýlishúsin við Brekkugötu 36 og 38 (Baldurshagi og Myllan), byggð 2006, og fjölbýlishúsið við Helgamagrastræti 53, byggt 1990. Þá voru húsaðirnar við Þórunnarstræti 108-112 og 130-136 byggðar á árunum 1964-1970. Innan svæðisins er einnig lögreglustöðin á Akureyri (1969) og leikskólinn Hólmasól (2005).

Tvær stofnanir eru í hverfinu, leikskólinn Hólmasól og lögreglustöðin og eru það jafnframt einu stóru vinnustaðirnir í hverfinu. Atvinnustarfsemi er í nokkrum íbúðarhúsum og bakhúsum/bílskúrum s.s. tannlæknastofur, gistiheimili, fasteignasala og verkstaði.

2.3 HÚSAGERÐIR OG BYGGINGARSTÍLAR

Við upphaf byggðar á athugunarsvæðinu, þ.e. 1916, hafði steinsteypa tekið við timbri sem meginbyggingarefni íbúðarhúsa. Eftir alvarlega húsbruna bæði á Akureyri og Reykjavík á fyrstu áratugum 20. aldar voru verulegar skorður settar við byggingu timburhúsa í þéttbýli. Nýtt byggingarefni, steinsteypan, hafði einnig komið til sögunnar og bætti ágætlega upp skort á nothæfum innlendum byggingarefnum. Fyrstu steinsteyptu húsin tóku mið af þeirri byggingarlist sem fyrir var í landinu og voru í öllum meginatriðum eins og eldri hús að ytri og innri gerð, burtséð frá byggingarefninu. Eftir ákveðið tilraunaskið steinsteypra húsa, sem Hörður Ágústsson telur ná allt fram til 1915⁴, tekur við stefna sem hann nefnir steinsteypuklassík, þar sem öll megineinkenni eru sótt til hefðbundinnar byggingarlistar með rætur aftur í menningu Rómverja og Grikkja. Vissulega gætir ýmissa stílbrigða á þessum tíma og byggingar gjarnan með ólíku yfirbragði en hin hefðbundnu, samhverfu meginform eru nánast ófrávikjanleg regla.

⁴ Hörður Ágústsson. Íslensk byggingararfleifð I.

Steinsteypuklassík markar suður- og austurjaðar athugunarsvæðisins. Húsaraðirnar við Þingvallastræti, Oddeyrargötu og Brekkugötu eru samfelld og góð dæmi um þessa húsagerð, sem jafnvel er einstök á heimsvísu þar sem hvergi annars staðar hafði mönnum hugkvæmst á þessum tíma að nota steinsteypu í mannabústaði.

Á þriðja áratug 20. aldar urðu sviptingar í umhverfis- og byggingarmálum með tilkomu nýttistefnunnar, fúnksjónalismans, þar sem tilgangur og hlutverk átti að ráða útfærslum, formi og útliti en ekki viðteknar venjur, hefðir og stílkreddur. Bylting var gerð í byggingarmálum og tilgerð, skrauti og klassískum háþróuðum byggingarstílum fyrri alda hent fyrir róða. Steinsteypan féll vel að formhugsun fúnksjónalismans og þar sem notkun hennar var orðin almenn í byggingariðnaði hér lá beint við að hornluggar og flöt þök héldu innreið sína í íslenska byggingarhætti.

Akureyrskir byggingarmeistarar fóru á byggingarsýningar úti í Evrópu og tileinkuðu sér ný sjónarmið. Frumkvöðlar hinna nýju tíma á Akureyri voru m.a. Sveinbjörn Jónsson byggingarmeistari, Halldór Halldórsson arkitekt og Þórir Baldvínsson arkitekt. Fúnksjónalisminn varð ráðandi húsagerð í byggingum atvinnulífsins, hins opinbera (að frátöldum flestum byggingum Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins) og hjá allri alþýðu manna.

Hinn íslenski funkis fékk ákveðin sérkenni og sker sig frá meginstraumnum að vissu marki. Úti í Evrópu var fúnksjónalisminn hvítur með sléttum veggjum og flötum þökum en hér fengu veggir gjarnan grófa áferð með smámuldum steinum, sem blandað var í múrinn, dökkar bergtegundir réðu lit húsanna og sett voru lágreist söðulþök eða valmaþök á húsin til þess að laga þau að íslenskum aðstæðum. Segja má að byggðin við Helgamagrastræti sé nær samfelld saga funkistímans á Íslandi frá suðri til norðurs. Syðst eru hús Þóris Baldvínssonar, framan af dökk með grófum veggflötum, norðar tekur við hin íslenska aðlögun, komnir eru steiptir hornpóstar í hornluggana og lágreist valmaþök í stað lítið hallandi skápaka á bak við láréttar pakbrúnir (ígildi flötu pakanna), steining í stað perlumúrs og nyrst er hin móðerníska lögreglustöð og nútímabyggingar í Baldurshaga.

Það er athyglisvert að skoða viðbrögð hönnuða, sem alist höfðu upp í klassískri byggingarlist, við hinum nýju tímum. Flestir þeirra tileinka sér hina nýju og fersku hugsun nýttistefnunnar og eins og hendi væri veifað hætta þeir að teikna steinsteypuklassík og hanna nútímaleg funkishús þess í stað.

Á sjötta áratugnum verða enn skil í byggingarsögunni þegar móðernisminn tekur við af funkisstílum - þó ekki jafn skörp eða greinileg og skilin milli klassíkur og funkis. Ungir menn s.s. Sigvaldi Thordarson (nokkur hús á Akureyri), Gísli Halldórsson, Hannes Kr. Davíðsson og Guðmundur Kr. Kristinsson komu heim frá arkitektanámi á árunum eftir stríð og báru með sér nýja strauma. Þeir áttu e.t.v. ýmislegt sameiginlegt með myndlistarmönnum þess tíma, sem máluðu abstrakt og spáðu í geómetríu. Mikael Jóhannesson er fulltrúi þessa tíma á Norður-Brekkunni.

Húsagerðir eða byggingarstílar eru grófflokkaðir í eftirtalda flokka:

- Klassík, (steinsteypuklassík)
- Funkis (fúnksjónalismi)
- Móðernismi (nútíma byggingarlist)



8. mynd. Byggingarstíll

Unnt væri að fara í nokkra undirflokkar en hér verður því sleppt nema með athugasemdum á nokkrum stöðum í húsaskrá. Nefna má dæmi um steinsteypuklassík með barokkivafi (nýbarokk) eða í

júgendstíl (art nouveau), nýklassík, norræna klassík og einföld steinsteypuhús sem talin verða í þennan flokk.

Funkisstíllinn birtist fyrst í verkum nokkurra frumherja. Byggingameistararnir, sem voru helstu hönnuðir íbúðarhúsa á þessum árum, aðlöguðu stílinn að staðhættum og verklagi sínu og til varð alþýðlegur og nánast allsráðandi funkisstíll sem væri bæði hægt að nefna byggingameistarafunkis og alþýðufunkis. Síðan eru nokkur dæmi um bræðinga milli þessara tveggja meginstíla þar sem funkisstíllinn ræður mestu en annar fóturinn er í samhverfu og jafnvægisreglum klassíkurinnar. Funkisbyggingar og klassískar eru flokkaðar í tvo gæðaflokka, almennan flokk og flokk sérstakra bygginga.

Einungis tvö íbúðarhús á athugunarsvæðinu eru byggð úr timbri. Bakhús og skúrar kunna að vera timburbyggingar en eitt bakhús við Oddeyrargötu úr timbri er tekið með í húsaskrá. Það er stærra og reisulegra en venjulegir garðskúrar enda hefur þar um árabíl verið vinnustofa þar sem framleiddir voru svefnbekkir og springdýnur. Á núverandi lóð Amtsbókasafnsins stóðu áður tvö reisuleg timburhús, Brekkugata 19 og 21, en þau voru rifin í tengslum við byggingu safnsins og viðbyggingar við það.

Steinsteypt hús eru byggð með ýmsum hætti. Flest nýrri hús eru steipt á staðnum í steypumót. Mörg eldri steinsteypt hús eru byggð úr steiptum hleðslusteinum, t.d. svo kölluðum r-steinum sem Sveinbjörn Jónsson byggingameistari framleiddi um árabíl. Líklegt er að þau hús sem Sveinbjörn hannaði og byggði séu byggð úr r-steinum. Sennilegt er að Sveinbjörn hafi byggt fleiri hús en hann hannaði sjálfur en þess er ekki getið í húsaskrá. Ekki er gerður greinarmunur á byggingaraðferð steyptra húsa, þ.e. hvort þau eru staðsteypt eða byggð úr steiptum einingum eða hleðslusteinum.



9. mynd. Byggingarefni

2.4 BYGGÐAMYNSTUR

Trjágróður setur sterkan svip á svæðið og hefur á seinni árum breytt bæjarmyndinni verulega þar sem byggingarnar eru ekki lengur ráðandi þáttur bæjarmyndarinnar úr fjarska. Jafnframt er trjágróður orðinn sterkur dráttur í göturýmum og götummyndum hverfisins.

GÖTUMYNDIR

Frá Glerárgötu blasir við sterk og ákveðin bæjarmynd hverfisins, þ.e. húsaröðin við Brekkugötu og Klapparstíg, norðan Amtsbókasafnsins. Húsaröðin er fjölbreytt og heildstæð röð steinsteyptra klassískra húsa. Aðrar húsaröðir, sem einkenna jaðar hverfisins eru við Þingvallastræti, sem einnig er áberandi í bæjarmyndinni og Oddeyrargötu, sem mótar fallett göturými. Byggðin við Þórunnarstræti er mun grófgerðari með stórum tvíbýlishúsum og fjölbýlishúsum auk Lögreglustöðvarinnar. Við Þórunnarstræti stendur samstæð röð nútímalegra fjölbýlishúsa.

Öll eldri byggðin er hefðbundin, þ.e. hús meðfram götum, sem mynda ákveðin göturými og samfelldar götummyndir. Gatnakerfið er í grunninn hefðbundið gatnanet í samræmi við aðalskipulagið frá 1927, lagað að bröttu landi og klöppum og því ekki reglulegt rúðumynstur. Húsaröðirnar mynda lokuð rými að húsabaki, sem víðast markast af miklum hæðarmun. Bílastæði eru áberandi framan við nýrri byggðina við Þórunnarstræti en nýjustu húsin, græna blokkinn (Helgamagrastræti 53), lögreglustöðin og nýju punkthúsin (Brekkugata 36 og 38) eru með bílastæðasvæði innan lóðanna,

þ.e. þar er aðkoma að bílastæðum ekki beint frá götu. Ekkert torg er innan athugunarsvæðisins en aðkomutorg er framan við Amtsbókasafnið.



10. mynd. Oddeyrargata í september 1942. Ljós.: National Archives.



11. mynd. Oddeyrargata 1994. Sama sjónarhorn. Ljós.: ÁÓ



12. mynd. Einkennandi drættir í bæjarmyndinni

KENNILEITI


Helstu kennileiti svæðisins eru byggingar á jöðrum þess. Auk þess eru klappirnar nyrst í hverfinu ákveðið kennileiti í bæjarmyndinni. Þær byggingar sem marka sérstöðu svæðisins eru:

- Húsaröðin vestan Brekkugötu.
- Amtsbókasafnið (utan athugunarsvæðisins en hluti af hverfinu eftir sem áður).
- Þingvallastræti 2 og húsaröð við Þingvallastræti.
- Nýju fjölbýlishúsin Baldurshagi og Myllan nyrst á svæðinu.

„Græna blokkinn“ við Þórunnarstræti (skráð við Helgamagrastræti 53) var áberandi kennileiti áður en punkthúsin Baldurshagi og Myllan (Brekkgata 36 og 38) voru byggð. Hún er ekki lengur talin meginkennileiti í umhverfinu.

Mælikvarði byggðarinnar sem heildar er smágerður. Tiltölulega stór og reisuleg hús marka þó jaðrana, þ.e. klassísku húsaðirnar við Brekkugötu og Þingvallastræti og nútímabyggingar við Þórunnarstræti norðanvert. Inni í hverfinu eru að mestu lokuð og hlýleg göturými með einstaka útsýnisstöðum sem opnast mót firði og fjöllum í fjarska.

Í þessu samhengi (t.d. vegna Þingvallastrætis 2 og húsaðarinnar við Brekkugötu) má rifja upp bókun bygginganefndar Akureyrarbæjar frá því í maí árið 1919 þar sem segir: „Nefndin tekur það fram, að hún ætlast til, að hornlóðirnar við Oddeyrar og Brekkugötu og lóðir með fram Brekkugötu sjeu eigi látnar af hendi nema trygging sje fyrir því að á þeim verði byggð veruleg og myndarleg hús.“ Sennilega hefur þessi stefna nefndarinnar verið höfð til hliðsjónar þegar byggðin, sem hér er til umfjöllunar, reis.



13. mynd. Mylluklöpp og ný punkthús marka norðurjaðar hverfisins.



14. mynd. Þingvallastræti 2 og röð klassískra húsa við Þingvallastræti.



15. mynd. Húsaröðin við Brekkugötu er sterkur dráttur í bæjarmynd Akureyrar.

ALMANNARÝMI

Falleg sjónlína er úr Bjarkarstíg til austurs niður á Oddeyrartanga. Útsýni er norður eftir Helgamagrastræti út á fjörðinn og Kaldbak og önnur svipuð sjónlína en opnari er til norðurs á brekkubrún Þórunnarstrætis. Á köldum vetrardegi lokar grænleitur sjórinn og hvítur Kaldbakur göturými Þórunnarstrætis. Þessi tvö sjónarhorn á sama landið eru ótrúlega ólík, annað hlýlegt og þægilegt, hitt opnara og jafnvel kuldalegt. Umgjörðin, myndaramminn, er ólíkur; gróið, fingert og samfelld göturými Helgamagrastrætis annars vegar og opin og gróf götummynd Þórunnarstrætis hins vegar.

Brekkann hefur mótað bæjarmyndina, víða er byggt þétt upp að gangstétt eða kantsteini og göturými eru jafnvel þröng. Lögbergsgata, Hamarstígur og Bjarkarstígur eru brattar götur sem liggja nánast beint upp brekkuna. Í Munkaþverárstræti er byggt í miklum halla, húsin að austanverðu standa nálægt götu en að vestanverðu hátt yfir götunni. Þar eru bílskúrar ofan götunnar byggðir við lóðamörk þannig að ekki eru bílastæði framan við þá eins og annars er venja hér.

Opnu svæðin í hverfinu eru fjögur, tvö að húsabaki milli Helgamagrastrætis og Munkaþverárstrætis, lóð leikskólans Hólmasólar og síðan norðurendi eða jaðar hverfisins við Myllunef. Þau fyrri eru útivistarsvæði og leikvellir sem nýtast helst íbúum húsanna umhverfis svæðin þar sem almennt aðgengi að þeim er frekar óljóst. Opna svæðið við Myllunef er góður útsýnisstaður, útivistarsvæði og óformlegur leikvöllur enda áberandi og aðgengi gott. Þar er útsýnisskífa auk styttnar af þeim landnámskjónum Helga magra og Þórunni hyrnu. Hluti svæðisins er illnýtanlegur vegna brattrar klappa og skógræktar.

Opið leiksvæði, boltavöllur og afgirtur gæsluvöllur var áður milli Helgamagrastrætis og Þórunnarstrætis þar sem nú er leikskólinn Hólmasól. Þar er nú vel útbúið leiksvæði, sem nýtist börnum hverfisins.

Götur myndu almannarými hverfisins auk opnu svæðanna. Amtsbókasafnið er ákveðinn hornsteinn í umhverfinu, framan við það er mótað aðkomurými opið mót austri.



16. mynd. Leiksvæði við Helgamagrastræti 2003.



17. mynd. Leiksvæði Hólmasólar.




18. mynd. Leiksvæði milli Þórunnarstrætis og Helgamagrastrætis 2003 áður en leikskólinn Hólmasól var byggður.

2.5 SAMSTÆÐUR HÚSA OG HEILDIR

Húsin á athugunarsvæðinu eru í meginráttum úr tveim áttum, klassískar steinsteypubyggingar annars vegar og funksisbyggingar hins vegar. Í hverfinu mætast þessir tímar eða stílar það yfirbragð og einkenni hverfisins. Göturýmín í hefðbundnu gatnaneti, sem lagað er að bröttu landi, eru lokuð og hlýleg þannig að hús úr ólíkum áttum mynda fallegar og þægilegar heildir.

Hér eru merktar þær heildir sem ástæða er til að standa vörð um þannig að viðhald þeirra, yfirbragð og einkenni verði tryggt. Einnig er afmörkuð merkileg heild húsanna við Helgamagrastræti. Síðan eru merktar samstæður húsa eða heildir sem kunna að vera áhugaverðar á annan hátt án þess að ástæða sé til að setja um þær sérstök ákvæði.



19. mynd. Heildir, samstæður og götumyndir

VARÐVEISLUVERÐAR HEILDIR

- A Oddeyrargata 12, 14,16 og 22. Einföld hús í anda norrænnar klassíkur. Einkennandi samstæða fyrir götummyndina
- B Oddeyrargata 26-38 (jafnar tölur). Röð steinsteypra húsa í klassískum stíl, bæði einfaldrar og sérstakra.
- C Þingvallastræti 2-12 (jafnar tölur). Röð steinsteypra húsa í klassískum stíl, bæði einfaldrar og sérstakra. Áberandi húsaröð í bæjarmynd Akureyrar.
- D Brekkugata 23-41 (oddatalur) og 30, Klapparstígur 1 og 3. Áberandi húsaröð í bæjarmynd Akureyrar. Meginuppistaðan eru steinsteypt hús í klassískum stíl. Hús nr. 33 er frávik, sem þó er ekki undanskilið úr heildinni. Hús nr. 35, 37, 39 og 41 eru einföld og/eða breytt hús, sem þó eru mikilvægur hluti heildarinnar. Önnur hús eru myndarlegir fulltrúar steinsteypuklassíkur.
- E Hamarstígur 4 og 6. Tvö reisuleg klassísk hús, sem móta götummynd Hamarstígs.
- F Hús Samvinnubýggingarfélags Akureyrar. Einstaklega heilleg húsasamstæða frá upphafsárum funksjónalismans.

MERKILEG HEILD

- G Helgamagrastræti. Nær samfelld byggð funkishúsa, bæði frumkvöðlaverk, merkileg verk akureyrskra byggingameistara og einfaldrar útfærslur, myndar einstaka heild og heimild um byggingarsögu landsins um miðbik 20. aldar.

SAMSTÆÐAR HEILDIR

- H Munkaþverárstræti 3-13 (oddatalur). Vönduð steinsteypuklassík.
- I Munkaþverárstræti 4 og 6. Samstæð lítil hús í einföldum nýklassískum stíl.
- J Götummynd Holtagötu.
- K Húsin við Bjarkarstíg ásamt hornhúsinu við Munkaþverárstræti (nr. 15) eru ólíkar útfærslur funkisstílsins, bæði með klassískri vísun og vísun í helstu stílbrigði funksjónalismans.
- L Munkaþverárstræti 19-37 (oddatalur). Röð áþekkra funkishúsa markar yfirbragð götunnar.
- M Munkaþverárstræti 26-32 (jafnar tölur). Röð áþekkra funkishúsa.
- N Munkaþverárstræti 38-42 (jafnar tölur). Röð áþekkra funkishúsa.
- O Þórunnarstræti 130-136 (jafnar tölur). Samstæð röð fjölbýlishúsa frá 7. áratug síðustu aldar.
- P Þórunnarstræti 110 og 112. Tvö nútímaleg hús frá lokum 7. áratugarins.

2.6 UPPRUNALEIKI

Eðlilegt og nauðsynlegt viðhald húsa hefur yfirleitt í för með sér einhverjar breytingar, oftast minni háttar. Viðbyggingar sem ætlað er að auka notagildi húsa breyta þeim óhjákvæmilega. Mörg dæmi eru um breytingar, endurbætur og viðbyggingar sem gerðar eru í góðu samræmi við bygginguna. Með breytingum verður jafnvel til ný heild sem stendur fyrir sínu. Meginhluti byggðarinnar á athugunarsvæðinu eru byggingar, sem eru óbreyttar eða lítið breyttar.

Nokkrum fjölda húsa hefur verið breytt þannig að vikið er frá upphaflegri gerð en byggingin stendur eftir sem áður sem heilsteypt verk, góð eða þokkaleg byggingarlist, jafnvel betri en áður.

Prettán húsum á svæðinu hefur verið breytt á þann veg að útlit þeirra, form eða stíll hafa brenglast verulega. Þetta eru rúmlega 6% húsanna. Í nokkrum tilvikum er um að ræða óviðeigandi þakgerð eða utanhússklæðningu en einnig allsherjar umbreytingu, sem brenglar formi og stíl. Nokkur hús eru á mörkum breyttra og brenglaðra húsa og flokkunin því ónákvæm. Matið kann að vera umdeilanlegt og er sett fram til skýringar og umhugsunar.

Sem dæmi má taka Hamarstíg 10, hornhús við Helgamagrastræti og hluta götummyndarinnar. Helgamagrastræti er samfelt í funkisstíl frá suðri til norðurs. Húsið Hamarstígur 10 var svipaðrar gerðar og Hamarstígur 8 handan götunnar. Með nýrri rishæð, háu risi með kvistum og þykkum þakkanti var samræmið í húsaröðinni rofið og stingur húsið nú verulega í stúf við umhverfi sitt. Hins vegar er húsið ágæt bygging út af fyrir sig. Rishæðin fer húsinu ágætlega og form og yfirbragð þess er gott.

Breytingin er hins vegar gott dæmi um að ekki hafi verið tekið mið af umhverfi hússins, hlutdeild þess og hlutverki í bæjarmyndinni og að með breytingunni var rofin merkileg samfella í byggingarsögu bæjarins. Húsið er þó ekki talið til „brenslaðra“ húsa, rauðmerktra á uppdrætti, en rauðmerkt hús við Helgamagrastræti eru inni í húsaröð og eru ekki jafn áberandi eða mikilvæg og Hamarstígur 10. Sama á við um Hamarstíg 12, ofan við nr. 10. Þar var hárrí þakhæð með mansard sniði⁵ bætt ofan á einnar hæðar funkishús þannig að úr varð myndarleg villa með ákveðin sérkenni. Það hús er hins vegar ekki hlekkur í samfelldri keðju eins og Hamarstígur 10.



20. mynd. Hamarstígur 10.



21. mynd. Hamarstígur 12



22. mynd. Holtagata 9



23. mynd. Holtagata 4.

Við Holtagötu eru nokkur dæmi um óviðeigandi breytingar, allt frá undarlegu útskoti með skáhornum og frönskum gluggum á litlu funkishúsi (nr. 4) yfir í allsherjar stílbreytingu og furðubyggingar (nr. 9).



24. mynd. Upprunaleiki húsa, breytingar

⁵ Mansard þak: Brotið þak, kennt við franska arkitektinn François Mansart (1598-1666) sem m.a. hannaði hluta Versalahallar með brotnum þökum.

Þess ber að geta að sumar þessara óviðeigandi breytinga eru afturkræfar og væri hægt þegar næst kemur að viðgerðum og endurbótum að haga þeim þannig að þær hæfðu gerð og byggingarstíl hússins.

2.7 ÁSTAND BYGGINGA

Ástand húsa er metið út frá útliti þeirra án rannsókna á einstaka byggingarhlutum eða skoðun innandyra. Hús, sem hugsanlega eru í slæmu standi en eru nýmáluð og hafa því ekki sýnilega galla utanfrá, eru metin í góðu standi. Sprungin múrhúðun eða steining hefur á sama hátt neikvæð áhrif á matið þótt viðkomandi hús geti verið í góðu standi að öllu öðru leyti. Ekki er lagt mat á ástand glugga og þaks nema slæmt ástand sé mjög áberandi. Ekkert hús á athugunarsvæðinu virðist vera í sérstaklega slæmu ástandi. Matinu ber að taka með fyrirvara. Ekki er lagt mat á bakhús og skúra.



25. mynd. Ástand húsa, gróft ytra mat.

2.8 HÚSAVERND

Eitt hús innan skipulagssvæðisins er friðlýst. Það er Bjarkarstígur 6, Davíðshús. Húsið var hannað af Herði Bjarnasyni arkitekt (1910-1990), síðar húsameistara ríkisins. Davíð Stefánsson skáld frá Fagraslógi byggði sér húsið 1944 og bjó þar til dauðadags 1964. Húsið er friðað í A-flokki af bæjarstjórn 4. október 1977 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Breytingar á friðlýstum húsum þarf að vinna í samvinnu við Minjastofnun Íslands en einnig er áskilið að húsafriðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum skv. 9. gr. laga um menningarminjar.

ÁKVÆÐI UM FRIÐUN OG VERNDUN HÚSA

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er gerður greinarmunur á friðun og friðlýsingu.

5. gr.

Friðun og friðlýsing.

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. Um friðun og verndun kirkjugripa fer samkvæmt lögum um þjóðminjasafn Íslands.

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Í VII. kafla laganna er fjallað um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja. Þar segir m.a.:

29. gr.

Friðuð mannvirki.

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.

30. gr.

Verndun annarra húsa og mannvirkja.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

.

Eins og lagaákvæði (1. mgr. 29. gr.) eru í dag (2015) bætast æ fleiri hús í hóp friðaðra bygginga árlega. Frá og með 2016 verða byggingar á athugunarsvæðinu friðaðar ein af annarri og 2040 (eftir 26 ár) verða 100 hús á svæðinu friðuð. Hvort þetta fyrirkomulag þjóni markmiðum laganna er látið liggja milli hluta en búast má við að ákvæðið verði verulega íþyngjandi með tímanum, bæði fyrir þær opinberu stofnanir sem vinna að verndun menningararfsins og húseigendur. Bent er á að horfa frekar á friðunarákvæðið sem varúðarreglu eða samráðsreglu þannig að gætt verði að menningarlegu og listrænu gildi og hlutverki þeirra bygginga, sem það á við, þegar breytingar verða gerðar á þeim.

2.9 HÖNNUÐIR

Alls eru 49 nafngreindir hönnuðir að húsunum á athugunarsvæðinu. Þar á meðal bæði frumkvöðlar í íslenskri húsagerð og afkastamiklir hönnuðir og byggingameistarar, sem settu mark sitt á þá bæjarmynd sem var í mótun á þessum árum. Nokkur nöfn koma þar oftast fyrir en önnur. Í einhverjum tilvikum er ekki vitað um nafn hönnuðar eða óvíst hvort tilgreindir hönnuðir séu höfundar upphaflegra teikninga.

Peir húsahönnuðir sem hafa teiknað fjögur hús eða fleiri á athugunarsvæðinu eru:

TRYGGVI JÓNATANSSON

Tryggvi Jónatansson (15.4.1892-9.10.1968) múrarmeistari og byggingarfulltrúi á Akureyri. Tryggvi hannaði og byggði fjölda húsa á Akureyri, þar á meðal þyrpingu lítilla einbýlishúsa við Ægisgötu og Hríseyjargötu á Oddeyri. Eldri hús Tryggva eru steinsteypuklassík, sum einföld en önnur glæsileg og íburðarmikil s.s. Þingvallastræti 2 sem er með barokkivafi. Hann tileinkaði sér fúnkisstílinn og hannaði ágæt íbúðarhús í þeim stíl t.d. við Helgamagrastræti. Tryggvi var listrænn að upplagi og lagði stund á leiklist og silfursmiði.



26. mynd. Byggingar eftir Tryggva Jónatansson (35)

SVEINBJÖRN JÓNSSON

Sveinbjörn Jónsson (11.2.1896-28.1.1982) byggingameistari, kenndur við Ofnasmíðjuna eftir stofnun hennar 1936. Sveinbjörn var „hugumstór framfarasinni og tilraunamaður í byggingartækni“⁶ og hafði áhrif á uppbyggingu samfélagsins með útsjónarsemi sinni og hæfileikum. Hann hóf framleiðslu steyptra hleðslusteina, s.k. r-steina og byggði fjöldamörg hús með þeirri tækni. Flest húsa Sveinbjarnar eru íslensk steinsteypuklassík. Sveinbjörn fylgdist hins vegar vel með hræringum úti í heimi og var einn af frumkvöðlum fúnkisstefnunnar á Norðurlandi. Eitt af frumherjaverkum þeirrar stefnu er Munkapverárstræti 15 sem enn stendur nær óbreytt. Þekktasta verk Sveinbjörns er hins vegar skrifstofu- og verslunarhús Kaupfélags Eyfirðinga við Kaupangsstræti í steinsteypuklassískum anda.



27. mynd. Byggingar eftir Sveinbjörn Jónsson (7)

HALLDÓR HALLDÓRSSON

Halldór Halldórsson (4.3.1900-23.8.1969) arkitekt, byggingameistari á Akureyri og byggingarfulltrúi á Akureyri 1928-44. Halldór lauk lokaprófi í byggingafræði í Hildesheim í Þýskalandi 1924. Hann stafaði hjá Skipulagi ríkis og bæja 1944-1957 er hann var skipaður fyrsti framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins 1957 og gegndi hann því starfi til dánardags. Á fyrri hluta ferilsins hannaði Halldór hús í klassískum stíl en fylgdi tíðarandanum eins og aðrir arkitektar og byggingameistarar og hannaði einnig ágæt hús í funkisstíl. Auk íbúðarhúsa Halldórs á Akureyri má nefna Dalvíkurkirkju og reisuleg íbúðarhús með brotnu þaki á Krossum á Árskógsströnd, Garðsvík og Leifsstöðum á Svalbarðsströnd og gamla prestssetrið á Skútustöðum.



28. mynd. Byggingar eftir Halldór Halldórsson (21)

⁶ Hörður Ágústsson. Íslensk byggingararfleifð I.

PÓRIR BALDVINSSON

Pórir Baldvinsson (20.11.1901-3.10.1986) arkitekt nam byggingarlist í Kaliforníu á þriðja áratug síðustu aldar og starfaði í San Francisco til 1930. Ævistarf hans var á Teiknistofu landbúnaðarins 1930-1969 en hann var forstöðumaður hennar frá 1937. Þar vann hann merkt brautryðjendaverk sem því miður er að mestu ókannað.⁷ Pórir var einn af frumkvöðlum fúnkisstefnunnar á Íslandi. Hann hannaði m.a. Mjólkursamlag KEA í Grófargili, þar sem nú er Listasafnið á Akureyri, Alþýðuhúsið í Reykjavík, nú Hótel 101, og samstæðu fúnkishúsa við sunnanvert Helgamagrastræti á Akureyri.



29. mynd. Byggingar eftir Póri Baldvinsson (10)

GUNNAR R. PÁLSSON

Gunnar R. Pálsson (14.9.1902-30.1.1996) söngvari og athafnamaður í Flórída í Bandaríkjunum. Að loknu gagnfræðaprófi hélt Gunnar til vesturheims og lagði stund á nám í húsagerðarlist, teikningu og söng. Að loknu námi sneri hann heim og hóf störf hjá Ríkisútvarpinu. Hér söng hann inn á hljómplötur bæði með Karla Kór Reykjavíkur og Geysi. Hann var m.a. kunnur fyrir flutning sinn á laginu „Sjá dagar koma“. Gunnar flutti aftur til Bandaríkjanna 1943 og stundaði þar viðskipti og rak byggingafyrirtæki. Gunnari eru eignuð fjögur hús á athugunarsvæðinu. Þar á meðal er Hamarstígur 8, lítið einbýlishús í dæmigerðum fúnkisstíl þess tíma með flötu þaki, hornluggum og ósamhverfu útliti. Auk þess teiknaði Gunnar byggingarteikningar fyrir aðra hönnuði, s.s. Sveinbjörn Jónsson og Póri Baldvinsson. Gunnar gerði byggingarnefndarteikningar að fúnkishúsum Póris Baldvinssonar syðst í Helgamagrastræti.



30. mynd. Byggingar eftir Gunnar R. Pálsson (4)

⁷ Hörður Ágústsson. Íslensk byggingararfleifð I.

FRIDJÓN AXFJÖRÐ

Friðjón Sigfússon Axvfjörð (20.9.1903-14.2.1953) var múrarmeistari á Akureyri. Hús hans á athugunarsvæðinu eru góð dæmi um funksstíl þess tíma og hvernig byggingamenn á Akureyri tileinkuðu sér nýjan byggingarstíl með góðum árangri.



31. mynd. Byggingar eftir Friðjón Axvfjörð (6)

PÁLL FRIÐFINNSSON

Páll Friðfinnsson (9.5.1906-22.8.2000) byggingameistari teiknaði mörg hús á Akureyri. „Hann yddaði stundum smíðablýantinn áður en hann byrjaði að teikna“. Hann var útsjónarsamur hönnuður og byggjandi.



32. mynd. Byggingar eftir Pál Friðfinnsson (9)

GUÐMUNDUR TÓMASSON

Guðmundur Tómasson (3.6.1908 - 25.7.1966), trésmiður og síðar forstjóri á Akureyri. Guðmundur rak verkstæði við Hólabraut ásamt Eyþóri bróður sínum en stofnaði síðan Kexverksmiðjuna Lorelei og átti hana og rak í mörg ár. Helgamagrastræti 23, eigið hús Guðmundar, sker sig úr funkishúsaröðinni í götunni með vísun í klassíska byggingarlist, hugsanlega undir áhrifum frá hamraeða lýðveldisstíl Guðjóns Samúelssonar. Önnur hús Guðmundar eru látlaus funkishús.



33. mynd. Byggingar eftir Guðmund Tómasson (5)

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Guðmundur Gunnarsson (18.7.1911-8.11.1995) byggingameistari teiknaði fjölda húsa á Akureyri. Hann var kennari við iðnskólann á Akureyri og kenndi þar fagteikningu. Guðmundur var auk þess söngmaður og leikari og starfaði með karlakórnum Geysi og Leikfélagi Akureyrar.



34. mynd. Byggingar eftir Guðmund Gunnarsson (12)

STEFÁN REYKJALÍN

Stefán Reykjalín (9.10.1913-8.8.1990) hannaði og byggði fjölmörg hús á Akureyri. Hann byggði á annað hundrað raðhúsaíbúðir á starfsferli sínum. Stefán kemur inn á mörkum klassískur og fúnkis og hús hans verða nútímaleg með klassísku ívafi. Hann teiknar hús samkvæmt tíðarandanum í fúnkisstíl en fljótlega setur hann á þau valmabök eða bratt ris til þess að nýta bygginguna betur. Stefán var aðeins 19 ára þegar hann undirritaði byggingarnefndarteikningu að húsi í nýklassískum stíl á Klapparstíg 3.



35. mynd. Byggingar eftir Stefán Reykjalín (16)

MIKAEL JÓHANNESSON

Mikael Jóhannesson (16.7.1927-28.7.2001) stundaði nám í byggingarlist á Bretlandi en lauk ekki námi. Hann rak teiknistofu KEA um tíma og var forstöðumaður byggingarvörudeildar KEA. Hann teiknaði fjölda húsa á Akureyri og eru hús frá fyrri hluta starfsævi hans mörg hver merkilegur vitnisburður um tíðarandann og góð byggingarlist. Mikael var módernisti og hannaði nútímalegar byggingar sem voru lausar við strangan stíl fúnksjónalismans.



36. mynd. Byggingar eftir Mikael Jóhannesson (9)

AÐRIR

Aðrir byggingameistarar og hönnuðir (38) eiga eitt til þrjú hús á svæðinu. **Tryggvi Sæmundsson** (12.5.1923-17.3.1991) byggingameistari og múrarmeistari á Akureyri hannaði þrjár byggingar, Bjarkarstíg 1, Helgamagrastræti 27 og Þórunnarstræti 120.

3 NIÐURSTAÐA

3.1 VARÐVEISLUGILDI

HÚS

Varðveislugildi einstakra húsa er metið á eftirfarandi hátt:

	Friðað hús	Sérmerkt á skipulagsupprætti
2	Hús með hátt varðveislugildi	Sýnd á skýringarupprætti deiliskipulags
1	Hús með miðlungs varðveislugildi	Engin umfjöllun í skipulagi
0	Hús með lágt eða ekkert varðveislugildi	Engin umfjöllun í skipulagi

Varðveislumat fer hér eftir mjög grófum mælikvarða. Flest húsanna lenda í miðlungsflokki, sem eðli máls samkvæmt felur í sér mjög mikil frávik. Í dönsku Save-aðferðinni⁸ sem víða er nýtt við bæja- og húsakannanir eru innan þessara flokka (sjá litamerkingar) þrjár til fjórar einkunnir - þ.e. einkunnaskalinn er í 11 þrepum auk merkingar fyrir friðaðar byggingar.

- Eitt hús er friðað og þar með sérmerkt.
- Hús sem á einhvern hátt eru sérstök eða vel gerð fá einkunnina 2 (hátt gildi). Það eru 15 hús. Til greina kæmi að setja sérákvæði um þau í deiliskipulagi. Einnig gæti matið gefið tilefni til þess að íhuga formlega friðun skv. lögum.
- Flestar byggingarnar á svæðinu eru með miðlungs varðveislugildi 1. Þokkaleg hús, sem eru sæmilega óbrennluð og þaðan af betri fá einkunnina 1 (miðlungs).
- Hús, sem fá lágt mat, gildi 0 (lágt eða ekkert varðveislugildi) eru flest hús, sem upphaflega hafa verið venjuleg eða miðlungshús en hefur verið breytt til skaða. Þar gæti komi til greina að meta afturkræfni breytinga. Nokkur hús sem lent hafa í óæskilegum breytingum fá t.d. miðlungsmat þrátt fyrir það.

Ekki er talið tímabært að meta varðveislugildi nýjustu húsanna í hverfinu.

HÚSARAÐIR OG GÖTUMYNDIR

Staða húsaraða eða götummynda er metin skv. eftirfarandi flokkun (útlína utan um heildir):

	Einstök húsaröð, götummynd eða heild. Hátt varðveislugildi.	Sérmerkt á skipulagsupprætti með dökkrauðri línu. Sérákvæði í deiliskipulagi eða hverfisvernd.
	Samstæða húsa eða heild. Miðlungs varðveislugildi	Sérmerkt á skipulagsupprætti með ljósrauðri línu. Æskilegt að setja sérákvæði í deiliskipulagi.
	Athyglisverð húsaröð eða heild.	Sýnt til upplýsingar og fróðleiks.

Langflest húsanna á athugunarsvæðinu eru hluti heildar og skipta máli fyrir umhverfi sitt og götummynd. Heildir og samstæður eru merktar þar sem einhverjir drættir í umhverfinu gera heildina áhugaverðari, falgri eða sérstakari en almennt gerist.

3.2 TILLAGA UM VERNDARÁKVÆÐI

Mikilvægt er að tekið verði tillit til byggingarstíls húsa ef gerðar verða á þeim breytingar eða byggt við þau. Einnig er mikilvægt að viðbyggingar og breytingar á húsum, svo og nýbyggingar, falli vel að mælikvarða og hlutföllum þeirrar byggðar sem fyrir er á svæðinu. Ákvæði um vernd húsa eða heilda ber að setja í deiliskipulagi eða aðalskipulagi.

Tillaga að ákvæðum um einstakar húsaraðir, götummyndir eða heildir með hátt varðveislugildi sem verði sérmerkt á skipulagsupprætti:

⁸ Kulturministeriet, Kulturarvsstyrelsen 2011

Breytingar á húsunum skulu taka mið af upphaflegri gerð og stíl viðkomandi byggingar. Engar breytingar má gera sem hafa áhrif á götummynd og ásýnd svæðisins nema í þeim tilgangi að styrkja einkenni og yfirbragð í samræmi við heildaryfirbragð. Þar sem hús með lágt verndargildi eru innan slíkra svæða er heimilt að breyta eða endurnýja (rif og nýbygging) á þann hátt að heildin verði sterkari og heillegri en áður. Ekki eru settar skorður á breytingar innanhúss eða á bakhlíðum og baklóðum, sem ekki hafa áhrif á ásýnd og yfirbragð götummyndarinnar.



37. mynd. Varðveislumat. Sjá stærri uppdrátt í 7. kafla.

4 HÚSASKRÁ

Húsaskránni er skipt niður í kafla eftir götum og er þeim raðað í stafrófsröð.

STÖÐUMAT

Matsþættir eru grófmetnir og fá einkunn +, 0 eða - sbr. eftirfarandi útskýringar.

Byggingarlist:	}	
Menningarsaga:		+ Hátt gildi, gott, jákvætt
Umhverfi:		0 Meðalgildi, hlutlaust, á ekki við
Upprunaleiki:		- Lágt gildi, slæmt, neikvætt
Ástand:		
Varðveislugildi:		Sjá kafla 3.1.

4.1 BJARKARSTÍGUR

Bjarkarstígur er stutt og brött gata, framhald Krabbastígs upp brekkuna að Þórunnarstræti. Við götuna standa sjö hús, sem öll teljast funkishús. Yfirbragð þeirra er misjafnt, allt frá einföldum óljósum byggingarstíl yfir í dæmigerða evrópska funkistísku og virðulegt og vandað Davíðshús. Trjágróður mótar götummyndina en einkenni hennar verður fyrir vikið skemmtilegt sjónarhorn niður á Oddeyrartanga sem lokar götummyndinni til austurs. "Talið er að Davíð [Stefánsson skáld] hafi ráðið nafninu á götunni, sem er framhald af Krabbastíg, en við götu með því nafni vildi hann ekki búa."⁹

Húsin eru byggð á árunum 1942-1946 fyrir utan hús númer 1 sem er byggt árið 1952.

„Bjarkarstígur gengur úr Munkaþverárstræti upp í Helgamagrastræti og áfram að Þórunnarstræti, skammt frá þar sem grasbýlið Staðarhóll stóð. Á þessum slóðum, á þessum krossgötum bernsku okkar, bjó þverskurður af Akureyringum: trésmiðir, kennarar, bankastjóri, skósmiður, alþingismaður, læknir, dýralæknir og tannlæknir, sjómenn, deildarstjórar í KEA og starfsfólk á Sambandsverksmiðjunum, múrari, bóndi, rokkasmiður, bifvélavirki, forstjóri Útgerðarfélags Akureyringa, kaupmaður, skipstjórinn á Súlnni og skipstjórinn á Drang, sýslumaðurinn, bifreiðaæftirlitsmaður, vatnsveitustjórinn og Davíð frá Fagraskógi - og úr Bjarkarstíg og Helgamagrastræti hafa komið fleiri ráðherrar og alþingismenn en öðrum krossgötum heimsins.“¹⁰



38. mynd. Bjarkarstígur, gul lína.



39. mynd. Bjarkarstígur, horft til austurs niður á Oddeyrartanga. Haust 2000 (ÁÓ)



40. mynd. Bjarkarstígur, horft upp brekkuna til vesturs.

⁹ Erlingur Sigurðarson. Hús skáldanna á Akureyri, fasteignablað Mbl. 14. júlí 2003.

¹⁰ Tryggvi Gíslason. Minning um Jón Kr. Sólves 26. maí 2011.



Byggingarstíll	Funkis	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Hönnuður	Tryggvi Sæmundsson, 1950	1990. Bílgeymsla.	Birgir Ágústsson
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Pakgerð	Valmaþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

-

NÚVERANDI STAÐA

Umfangsmikið en einfalt funkishús sem sómir sér vel í götmyndinni og er hluti af ákveðinni heild samstæðra en ólíkra húsa.

UMHVERFI

-

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	Einföld gerð
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	0	Breytt
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	Hluti af samstæðri heild



Byggingarstíll	Funkis	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Hönnuður	Adam Magnússon		
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Steining		
Pakgerð	Valmaþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Eigið hús Adams Magnússonar trésmíðameistara.

NÚVERANDI STAÐA

Einfalt funkishús sem sómir sér vel í götmyndinni og er hluti af ákveðinni heild samstæðra en ólíkra húsa. Bogadregnar svalirnar eru áberandi tákn byggingarstílsins.

UMHVERFI

-

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	Hluti af samstæðri heild



T.v.: Auglýsing í Degi 2.12. 1964. Sjá einnig mynd af húsi á lóðinni Helgamagrastræti 10.

Byggingarstíll	Funkis	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Hönnuður	Friðjón Axfjörð	Sólskáli úr timbri og gleri á suðurhlíð 2011	Bjargey Guðmundsdóttir arkitekt
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað, málað		
Þakgerð	Flatt þak		
Þakklæðning	?		

SÖGUÁGRIP

-

NÚVERANDI STAÐA

Reisulegt og óvenjulegt funkishús sómir sér vel í götummyndinni og er hluti af ákveðinni heild samstæðra en ólíkra húsa.

UMHVERFI

-

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	Hluti af samstæðri heild



Byggingarstíll	Funkis. Sérstakt.	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Hönnuður	Friðjón Axfjörð		
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað		
Þakgerð	Flatt þak		
Þakklæðning	Þakpappi ?		

SÖGUÁGRIP

Hús Gastons Ásmundssonar múrarameistara. Síðar heimili Jóns G. Sólnes útibússtjóra Landsbankans, bæjarstjórnarmanns og Alþingismanns.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið sómir sér vel í götmyndinni og er hluti af ákveðinni heild samstæðra en ólíkra húsa. Flatt þak, sveigð form, þakhýsi, hornluggar og handrið samkvæmt tíðarandanum; gott dæmi um útfærslu akureyrskra iðnaðarmanna á funksjónalísmanum.

UMHVERFI

-

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	2	Vel útfært funkishús með vísun til erlendra fyrirmýnda.



Byggingarstíll	Funkis	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Hönnuður	Sigurður K. Svanbergsson		
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Múrhúðað		
Pakgerð	Valmaþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Eigið hús Sigurðar K. Svanbergssonar vatnsveitustjóra.

NÚVERANDI STAÐA

Einfalt funkis hús sem sómir sér vel í götmyndinni og er hluti af ákveðinni heild samstæðra en ólíkra húsa.

UMHVERFI

Upprunalegur lágur veggur með stöplum við götu.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	Einföld gerð
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	Hluti af samstæðri heild



Byggingarstíll	Funkis. Sérstakt.	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Hönnuður	Hörður Bjarnason arkitekt		
Upphafleg notkun	Íbúðarhús, nú safn		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Steining		
Pakgerð	Valmaðak, sveigt		
Pakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

Ættingjar Davíðs Stefánssonar skálds frá Fagraskógi ánöfnuðu Akureyrarbæ húsið í Bjarkastíg 6 sem skáldið byggði og bjó í til dauðadags 1964. Á efri hæð hússins er íbúð hans varðveitt eins og hann skildi við hana.

Húsið er friðað í A-flokki af bæjarstjórn 4. október 1977 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.

NÚVERANDI STAÐA

Davíðshús er einlyft steinsteypuhús með lágu brotnu valmaðaki og kjallara undir austurhluta. Húsið er byggt árið 1943 en hefur verið endurnýjað umtalsvert á síðustu árum. Form hússins er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins mjög gott.

UMHVERFI

Lóð hefur nýlega verið endurgerð og henni breytt til þess að bæta aðgengi að neðri hæð.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	+	Heimili þjóðskáldsins Davíðs Stefánssonar og safn í minningu hans.
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi		Friðuð bygging. Hluti af menningarsögu bæjarins. Vel útfært hús. Hluti af heild.



Byggingarstíll	Funkis	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Hönnuður	Adam Magnússon	Húsið teiknað með flötu þaki en því breytt í valmaþak.	
Upphafleg notkun	Íbúðarhús		
Byggingarefni	Steinsteypa		
Klæðning	Steining		
Þakgerð	Valmaþak		
Þakklæðning	Bárujárn		

SÖGUÁGRIP

-

NÚVERANDI STAÐA

Einfalt funkis hús sem sómir sér vel í götmyndinni og er hluti af ákveðinni heild samstæðra en ólíkra húsa.

UMHVERFI

Upprunaleg vönduð girðing við götu.

VARÐVEISLUMAT


Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	0	
Ástand	+	
Varðveislugildi	1	Hluti af samstæðri heild

4.2 BREKKUGATA

Innan athugunarsvæðisins er hluti Brekkugötu, þ.e. frá Krákustíg að Helgamagrastræti. Húsaröðin frá 23 til 31 er samfelld röð steinsteyptra húsa í klassískum stíl (steinsteypuklassík). Þá taka við þrjú frávik (nr. 33-37) en síðan tvö hús (nr. 39 og 41) sem líklega hefur verið breytt þannig að hátt ris hefur verið sett á lægri hús. Þrátt fyrir frávik og misjöfn gæði húsa myndar húsaröðin ásamt Brekkugötu 30 og húsunum við Klapparstíg 1 og 3 sterka götummynd, sem er áberandi dráttur í bæjarmynd Akureyrar.

Flest húsin eru reisuleg tveggja hæða hús með bröttu risi en einnig eru hús með nær flötu skápaki og valmapaki. Húsin vestan götu standa hærra en gatan. Girðingar og frágangur við götu eru með ýmsu móti.

